

## Fjallskilaseðill 2023

Fjallskilanefnd Áltaversafréttar í Skaftárhreppi hefur ákveðið fjallskil haustið 2023 samkvæmt meðfylgjandi skrá.

Áætlaður dagsverkafjöldi við fjallskil í fyrsta, öðru og þriðja safni getur tekið breytingum við uppgjör fjallskila þegar fjallsöfnum er lokið. Miðað er við 90 dagsverk, 40% á landverð og 60% á vetrarfóðraðar kindur.

	Landverð	Landverð dagsverk	Fjártala	Sauðfé dagsverk	Dagsv. alls
Jórvík I	834000	1,95	207	5,20	7,0
Jórvík II	824000	1,93	0	0	2,0
Mýrar	1815000	4,25	310	7,79	12,0
Mýrar II			123	3,09	3,0
Hraungerði	1125000	2,63	182	4,57	7,0
Þykkvabæjarkl.	2012500	4,71	266	6,68	11,5
Norðurhjáleiga	2777500	6,50	303	7,61	14,0
Hraunbær	702000	1,64	0	0	2,0
Bólhraun	276000	0,65	0	0	1,0
Efri-Hraunbær	699000	1,64	0	0	1,5
Herjólfsstaðir I	1125000	2,63	254	6,38	9,0
Herjólfsstaðir II	1125000	2,63	235	5,90	8,5
Holt	972000	2,27	270	6,78	9,0
Skálmarbær	1100000	2,57	0	0	2,5

Í fyrsta safn verður farið föstudaginn 8. sept. og eiga smalar að vera mættir að Skálmarbrú kl. 7:00 árdegis. Svo sem venja hefur verið er gert ráð fyrir einum smala frá hverjum bæ í fyrsta safn. Fjallskilaskyldur aðili sem ekki getur lagt til smala í fyrsta safn skal tilkynna það fjallkóngi eigi síðar en viku fyrir boðaðan safndag. Sé það ekki gert verður innheimt 50% álag á daggjöld. Fjallkóngur verður Þormar Ellert Jóhannsson, símanúmer: 846-2967, netfang: johannsson87@gmail.com.

Daggjöld á öllum afréttum Skaftárhrepps haustið 2023 verða kr.18.888-. Sem fyrr verða allir reikningar sem framvísað er á skrifstofu Skaftárhrepps að vera samþykktir af fjallskilanefnd.

Vekjum athygli á fjallskilasamþykkt Vestur-Skaftafellssýslu nr. 774/2020, en þar segir m.a. :

"19.grein, Hver bóndi er skyldur að smala land sitt á hausti samhliða leitum, ef sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðibýla þó að þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrirmælum sveitarstjórnar ber honum að greiða smölunarkostnað eftir mati sveitarstjórnar."

"24.grein, Hver eigandi eða umráðamaður lands er skyldur til að smala heimaland sitt eigi síðar en 20. október ár hvert og það eins þótt landeigandi eða umráðamaður eigi þar ekki fjárvon sjálfur. Vanræki einhver að smala heimaland sitt, getur sveitarstjórn látið smala það á hans kostnað, og greiðir hann að auki sekt samkv. ákvæðum 21.gr. samþykktar þessarar."

Fjallskilanefnd Álftaversafréttar 18/8 2023

Örvar Egill Kolbeinsson  
Örvar Egill Kolbeinsson

Þormar Ellert Jóhannsson  
Þormar Ellert Jóhannsson

Pálína Pálsdóttir  
Pálína Pálsdóttir